

27 . Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 19. febrúar 2001 kl. 10:45 á skrifstofu SORPU Gufunesi.

Mættir: Gunnar Bragason, Ragna Halldórsdóttir, Pétur Bjarnason, Ingi Arason
Jóhannes Pálsson og Ásmundur Reykdal.

Fundargerð.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar, samþykkt frestað til næsta fundar.

Hollustuvernd, samstarf.

Ekki hefur enn tekist að koma á fundi með Davíð Egilssyni, forstjóra HVR, áfram verður unnið að málinu.

LCA málið.

Áframhald umræðu um LCA málið. Fyrir liggur kostnaðarþátta ymissa erlendra aðila, sem koma að verkefninu. Til að ljúka fjármögnun þess, vantar Kr. 500.000, sem FENÚR mun reyna að afla hjá hagsmunaaðilum inna félagsins. JP, semur bréf til slíkra aðila þar sem óskað verður eftir fjárframlögum til verkefnisins.

Starfshópar.

Vinna vegna breytinga á skipulagi starfshópa hefur legið niðri þar sem Guðmundur Tryggvi Ólafsson hefur verið í fríi.

Merkingar.

Umfjöllun um málið frestað.

Aðalfundur.

Ákveðið að aðalfundur FENÚR verði haldinn 23. mars n.k. kl. 11:00

I.A. kannar hvort Elías Ólafsson, Gámaþjónustunni vill taka að sér fundarstjórn aðalfundar.

R.H. sér um að panta húsnæði og að fundarboð verði sent út.

JP og GB undirbúa ársreikning 2000 og starfsáætlun næsta árs.

Ráðstefna á vegum félagsins, að loknum aðalfundi, fjallar um endurvinnslu og endurnýtingu, frumvarp STENÚR nefndarinnar og þá stöðu, sem skapast ef frumvarpið verður að lögum í vor.

I.A. og R.H. kanna í samráði við Ólaf Kjartansson, Samtökum Iðnaðarins, hvort hægt er að fá fyrirlesara á ráðstefnuna frá Der Grüne Punkt, Þýskalandi.

Næsti fundur föstudaginn 2. mars kl. 9:30

Fundi slitið 11:45

Á.R.